

BÆJAR- OG HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ
HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
[GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ](#)

ÁRSSKÝRSLA 2000 [\(1999\)](#)

Almennt:

Útlán eru svipuð og undanfarið ár en þó heldur vaxandi. Mjög mikil aukning hefur hins vegar orðið á upplýsingaþjónustu við almenning síðustu 2-3 árin. Sérstaklega hefur orðið mikil aukninga á þjónustu og aðstoð við lánþega (viðskiptavini) safnsins með tilkomu internetsins, aðstoð við notkun netsins, leitir og aðgang að gagnasöfnum. Áberandi er mikil aukning á þjónustu við fjarnema. Safnið býður upp á aðgang að öllum ísl. gagnasöfnum sem tiltæk eru og fáeinum erlendum. Safnið tekur þátt ásamt fleiri söfnum og í samvinnu við menntamálaráðuneytið að [opna aðgengi að fleiri erlendum gagnasöfnum](#) á netinu - höfuðáhersla er lögð á netaðgengi að söfnum sem nýtast öllu fjarnámi, viðskiptum og tækni auk almennari safna.

Mikil vandræði eru oft á safninu vegna plássleysis fyrir almenning sem nýtir internetið, sérstaklega er þetta bagalegt þegar fjarnemar eru annars vegar, en þeim fer mjög fjölgandi. Nú eru aðeins 3 vélar tengdar netinu fyrir almenning en þyrftu að vera helmingi fleiri a.m.k.

Afar slæmt er að ekki skuli hafa tekist að ljúka við [endurbyggingu Gamla sjúkráhusins](#) eins og áætlað var. Þar má skapa afar góða aðstöðu fyrir fjölda fólks við hverskonar tölvunot og netaðgengi auk góðrar aðstöðu fyrir safnkostinn og almenna lánþega. Ekki þarf að undirstrika nauðsyn þess að sem flestir hér á "landsbyggðinni" hafi góða aðstöðu til að nýta sér internetið og ekki síður að hafa aðgang að leiðbeinendum a.m.k. fyrstu skrefin í notkun stafrænna gagnasafna upplýsingasamfélagsins. Óheyrileg þrengsli í aðalsafninu í sundhallarbyggingunni hindra frekari uppbyggingu þessarar þjónustu að ekki sé talað um eflingu bókasafnsþjónustu við ýmsar stofnanir bæjarins og skóla.

Bókasafnið tók við safni Skólaskrifstofu Vestfjarða á árinu og mun sjá um rekstur þess framvegis. Gerður hefur verið samningur við Námsgagnastofnum um afhendingu alls efnis sem stofnunin gefur út ókeypis. Tekið verður endurgjald af stofnunum utan Ísafjarðarbæjar fyrir þessa þjónusta safnsins.

Unnið er að uppsetningu á [nýrri útgáfu á vefskrá safnsins](#) - með henni verður ekki einungis hægt að leita að ritum safnsins á netinu heldur líka sjá hvort þær eru tiltækar og panta þær beint af netinu. Jafnframt verður hægt að skrá vefrit beint þannig að ekki einungis má sjá hvað safnið á af tilteknu riti heldur líka hvort og hvar það sér aðgengilegt á vefnum í altexta (fulltext).

STUTT YFIRLIT:

BÓKASAFNIÐ:

Bæjar- og héraðsbókasafnið samanstendur af aðalsafninu á Ísafirði, bókasöfnunum á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri auk safna/lestrarfélaga á Hrafnseyri, Höfða í Dýrafirði, Ástúni á Ingjaldssandi og Holti í Önundarfirði. Áður hafa gengið inn í safnið á Ísafirði lestrarfélögin/bókasöfnin í Sléttuhreppi, Grunnavíkurhreppi, Snæfjallahreppi og tvö í Eyrarhreppi (Lf. Skutulsfjarðar og Bs. Hnífsdælinga). Lestrarfélag Ísfirðinga, sem var stofnað 20. janúar 1866, gekk inn í bókasafnið við stofnun þess 1889. Safnið starfar skv. lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.

ÚTLÁN:

Útlán bókasafnsins Ísafirði voru 24.822 (24.465) en útlán hreppssafnanna sem sameinuðust Ísafjarðarbæ voru 4.500 (4.581). Samtals voru útlánin 29.322 (29.046) á árinu, sem er svipað og árið áður.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA:

Heimildaleitir voru um 2.000 og upplýsingabeidnir um 9.000 á árinu í aðalsafni.

SAFNGESTIR:

Áætlað er að um 18.000 gestir hafi komið í bókasafnið á Ísafirði á árinu.

SKRÁNING:

Á bókasafninu er nú unnið að uppbyggingu tölvuskrár yfir allan safnkost (bækur, tímarit, myndbönd, hljómdiska, snældur, kennsluáhöld o.fl.) í söfnum í bæjarfélaginu, bæði fyrirverandi hreppssafna og safna í skólum og stofnunum. Skrár safnsins voru opnaðar á Internetinu haustið 1998 með vefbúnaði frá MikroMARC. Unnið er að uppsetningu á nýrri útgáfu sem gefur viðtækari möguleika á þjónustu s.s. upplýsingum um hvort bækur séu til staðar á safninu eða í útláni.

SAFNKOSTUR:

Safnauki bókasafnsins á Ísafirði á árinu var 783 b. og er safnkosturinn nú um 74.000 bindi samkvæmt aðfangaskrá. Utan aðfangaskrár eru rúmlega 3.000 bindi, alls er safnkosturinn því nálægt 78.000 b. Lokið er endurflokkun og uppsetningu á um 25.000 bókum í hillur í bókageymslum í Gamla sjúkrahúsinu (um 600 hillumetrar). Bókakostur hreppssafnanna sem sameinuðust er um 31.000 þannig að heildarsafnkosturinn er um 107.000 bindi.

GAGNABANKAR:

Bókasafnið á Ísafirði hafði aðgang að öllum bókasöfn landsins sem veita netaðgang að skrá, og erlendum gagnabönkum á netinu. Tekið var upp samstarf við Háskólann á Akureyri um aðgengi að gagnabönkum og öflun heimilda fyrir fjarnemendur skólans. Safnið er í samstarfi við ýms söfn og ráðuneytið til að opna fleiri gagnasöfn fyrir almenning og þá sérstaklega fjarnema. Safnið hefur aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins. Viðskiptavinir safnsins hafa aðgang að Internetinu í aðalsafninu (3 vélar).

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Öllu safninu hefur nú verið komið fyrir í Gamla sjúkrahúsinu. Unnið er að skráningu og þökkun skjalanna í sýrufríar umbúðir, jafnframt því sem unnið er að söfnun skjala í héraðinu. Komið hefur verið á samvinnu við bæjarskrifstofunnar v/ meðferð skjala og skipulag í skjalageymslum bæjarins. Lokið flutningi á öllu filmu- og myndasafninu í húsið og að mestu frágangi í sérstakar umbúðir og hillur (nálægt 120.000 myndir).

GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ

Fyrsta áfanga við endurbyggingu Gamla sjúkrahússins er lokið. Samkvæmt honum hefur húsið verið endurnýjað að utan (gluggar og útihurðir endurnýjaðar í upprunalegri mynd), húsið málað og inngangur að norðan endurnýjaður í samræmi við þarfir fatlaðra. Innandyra hefur verið steypur upp lyftustokkur og gerðar nauðsynlegu breytingar á milliveggjum. Engar fjárveitingar voru til endurbyggingarinnar á árinu frá bæjarsjóði en húsafríðunarsjóður veitti liðlega 3 millj. til hússins sem var varið til hreinsunar á 2. hæa, lagfæringar öryggisartiðum s.s. á miðstöðvarkerfi og eldvörnum auk lagfæringa á kjallara til að auka nothæft rými. Vonir standa til þess að á næsta ári verði unnið að

lagfæringum á húsinu þar sem þörfin er orðin afar brýn að bæta þjónustu við lánþega safnsins og efla netþjónustu auk þess sem efla mætti verulega þjónustu við ýmsar stofnanir í héraðinu. Kostnaðaráætlun vegna þess sem eftir stendur af endurbyggingu hússins er um 50 milljónir kr. Vonir standa til þess að ríkissjóður muni styrkja uppbygginguna enda hafa ráðamenn þar á bæ sett fram hugmyndir um eflingu menningarstarfsemi og bygginga á landsbyggðinni (til mótvægis við margra milljarðar tónleikahöll sem byggð verður vonandi fljótlega í Reykjavík). Hugmyndum Ísfirðinga hefur verið komið á framfæri við menntamálaráðherra að í þessum "pakka" væri æskilegast að hafa styrk til að klára Gamla sjúkrahúsið, Tónleikasal Tónlistarfélagsins og Edinborgarhúsið (um 1/2 milljarður) frekar en að lagt verði í nýbyggingu menningarhúss svipað og uppi er á Akureyri fyrir 1,6 milljarð.

ÁRSSKÝRSLA 2000

BÓKASAFNIÐ:

ÚTLÁN:

Á árinu voru heildarútlán bókasafnsins á Ísafirði 24.822 bindi, en voru (24.465) árið 1999. Í aðalsafni voru útlánin 18.725 (19.577), en til stofnana, hreppa o.fl. voru útlán 6.097 (4.888) bindi. Útlán í hreppasöfnunum voru áætluð 4.500 (4.581). Heildarútlán í Ísafjarðarbæ voru því 29.322 (29.046) bindi. Útlán á hvern íbúa bæjarins eru tæplega 7. Bent er á að framangreindar útlánatölur eiga eingöngu við um rit sem eru lánuð út af söfnunum - lán á lesstofu, leskróka, handbókalán, blaða- og tímaritalán o.þ.h. eru ekki talin með. Auk þessa hefur orðið mikil aukning notkunar á Internettölvum í safninu, en þau not eru ekki mæld. Miðað við erlend viðmið má gera ráð fyrir að heildarnotkun (útlán og innanhússnotkun) á árinu 2000 hafi verið um 45.000 bindi.

MILLISAFNALÁN:

Rit lánuð öðrum söfnum voru 152 (113), og rit fengin að láni voru 351 (31). Hljóðbækur fengnar að láni voru um 310 (145).

ÖNNUR ÚTLÁN:

Auk venjulegra útlána voru um 398 (333) bækur sendar íbúum sýslunnar. Í stofnunum voru lánaðar út um 4.617 (4.223) bækur. Útlán til skipa voru um 15 (188). Alls voru þessi útlán 5.030 (4.744).

SÖGUSTUNDIR:

33 sögustundir voru á árinu og komu 232 (308) börn árinu.

SAFNKYNNING:

Safnkynningar voru fyrir yngri bekkji grunnskólans á Ísafirði og einnig voru safnkynningar/sögustundir fyrir leikskólabörn. Samtals komu 443 börn.

PANTANIR:

Á árinu voru afgreiddar heldur færri pantanir á bókum (vegna lána) en áður eða um 150 (190).

LÁNÞEGAR:

Áætlað er að lánþegar sem koma í safnið á Ísafirði að staðaldri séu um 700. Verð skírteina var 1100 kr., en börn á grunnskólaaldri fá fyrsta skírteini ókeypis.

SAFNGESTIR:

Áætlað er að rúmlega 18.000 gestir hafi komið í safnið á Ísafirði á árinu.

SKRÁNING:

Bókasöfn í eftirtöldum sveitarfélögum í héraðinu hefa verið skráð að mestu í tölvukerfi safnsins hér: Nauteyrarhr. (Laugaland), Reykjarfjarðar-, Ögur- og Snæfjallahr., (Reykjanes), Súðavíkurrhr., Flateyrarhr., Mýrahr. (Ingjaldssandi) og Mosvallahrepps (Holti). Unnið er að því að skrá safnið á Suðureyri (70%), og áætlað að skrá söfnin í Dýrafirði í kerfið á næstunni. Lokið er skráningi á öllum innlendum safnkosti útlánadeildar aðalsafnsins. Auk þessa sem er

safnkostur Grunnskólans og Fræðslukrifstofunnar skráður í kerfið, en þessar stofnanir nota Internetið til að leita í safnkostinum.

SAFNKOSTUR:

Í árslok taldist safnkosturinn á Ísafirði 74.665 en var (73.659) eintök í ársbyrjun. Aukningin var 1.006 (1.090) eintök. Keypt voru 879 (1.089) rit, og bækur gefnar safninu voru 127, miðað við (201) s.l. ár. Afskrifaðar voru 223 bækur (200 s.l. ár). 66 (143) bækur voru bundnar inn. Heildarsafnkosturinn er um 78.750 bindi þar sem nokkuð er til af óskráðu efni. Meginhluta safnkostsins (um 40.000 bindi) hefur verið komið fyrir í Gamla sjúkrahúsinu og er lokið að endurflokka og raða þessum bókum í hillur í kjallara hússins.

Safnkostur hreppssafnanna er um 31.000 auk um 2.500 bóka úr lestrarfélögunum norðan Djúps - þess má geta að fyrirhugað er að varðveita Lestrarfélag Grunnavíkur sem heild í Gamla sjúkrahúsinu (sérdeild) sem dæmigert lestrarfélag frá fyrri hluta aldarinnar auk þess sem margar af bókum félagsins eru bundnar inn í roð (hlýra/steinbít) sem er óvenjulegt.

GAGNABANKAR:

Safnið hefur s.l. áratug haft tölvusamband við erlenda gangabanka þar sem hægt er að leita upplýsinga um hvaðeina gegn gjaldi - notkun á þeim hefur minnkað eftir að ókeypis gagnabönkum fjölgaði á Internetinu. Nú er unnið að því að því að semja við slíka gagnagrunna á landsvísu þannig að öll söfn fái aðgang að þeim hindrunarlaust. Safnið hefur einnig aðgang að GEGNI, (þ.e. skrá Landsbókasafns, Háskólabókasafns auk fleiri ríkissafna). Einnig hefur safnið undanfarin 8 ár haft aðgang að INTERNETinu með beinum aðgangi lánþega að netinu. Safnið hefur sagt upp aðgangi að gögnum hjá SKÝRR (Fengur), m.a. bókaskrá Borgarbókasafns, Landsspítalans, RÚV, Skólasafnamiðstöðvar Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur þar sem notkun var afar lítil, en kostnaður umtalsverður. Safnið hefur jafnframt aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins. Þannig hefur safnið beinan aðgang að nánast öllum heimildum í söfnum innanlands (að Feng frátöldum) og mörgum erlendis, gögnum sem hægt er að útvega með skömmum fyrirvara með millisafnalánum eða ljósritum, ef ekki beint um tölvusamband - þessi aðstaða gerir safninu kleift að veita betri þjónustu en áður, sambærilega og hægt er að veita í stórum söfnum á höfuðborgarsvæðinu - húsnæði safnsins hindrar þó vöxt þessarar þjónustu (ekki pláss yfir nema 3 tölvur í útlánasal safnsins).

VEFUR:

Vefur safnanna hefur verið aukinn töluvert en þar er einnig hægt að leita í skrá bókafnanna, þannig að viðskiptavinir safnsins geti leitað sjálfir skránum heimanað frá sér. Bókafnið hér er fyrsta almenningsbókasafn landsins sem veitir aðgang að skrá sínum á vefnum. Unnið er að uppsetning á nýrri útgáfu vefskrárinnar - þar geta lánþegar séð hvort bók er tiltæk í hillum safnsins og þannig hana ef svo er ekki beint af vefnum. Starfslið safnanna hefur séð um uppsetningu á [vef Ísafjaðarbæjar](#) og fyrirhuguð er meiri samvinna við bæjarskrifstofuna, m.a. umsjón með skjalavistunarkerfi bæjarins sem fyrirhugað er að setja upp fyrri hluta árs 2001.

STARFSLIÐ:

Sama og s.l. ár: Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (66%), Elín Magnfreðsdóttir, bókavörður (66%), Jóhann Hinriksson, forstöðumaður (100%) og Þórdís Þorleifsdóttir, bókavörður (66%). Inga María Guðmundsdóttir bókasafnsfræðingur hefur verið ráðin að safninu í 50% stöðu vegna aukinnar þjónustu safnsins við skólana og rekstur safns Skólaskrifstofu Vestfjarða, hún er að hálfu (50%) í starfi skjalastjóra á bæjarskrifstofunni. Jóna Símónía Bjarnadóttir sagnfræðingur vann við afleysingar bókasafninu, en hún starfar aðallega sem skjalavörður við Héraðsskjalasafnið. Guðmundur Friðgeir Magnússon er bókavörður á Þingeyri og Marías Þórðarson er bókavörður á Suðureyri.

ÚTLÁNATÍMAR:

Frá 1. jan. til 1. júní var útlánaafgreiðsla safnsins opin 27 klst. á viku og frá 1. okt. til 31. des. var útlánaafgreiðsla safnsins opin 32 klst. á viku (virka daga kl. 14-20 og laugard. 15-17), frá 1. júní til 1. okt. var opið 22 klst. á viku (virka daga kl. 15-19, laugardaga 15-17). Afgreiðsla utan afgreiðslutíma hefur aukist verulega undanfarið, mest gegnum síma og fax og nú seinni árin gegnum Internetið. Hreppasöfnin fyrrverandi á Þingeyri og Suðureyri eru opin að jafnaði 4 klst. á viku a.m.k. vetrarmánuðina. Lenging útlánatíma yfir vetrarmánuðina er fyrst og fremst til að koma til móts við auknar þarfir skólanna.

STOFNANIR:

Þjónusta við stofnanir (þ.e. sjúkrahús, elliheimili, dvalarheimili (Hlíf), skólaskrifstofa, dagheimili og hótelið) var með svipuðum hætti og undanfarið. Aðallega er um að ræða útlán bóka, skráning og frágangur/viðhald bóka. Farið er einu sinni í viku á sjúkrahúsið og elliheimilið og dvalarheimilið og afgreiðslu sinnt að jafnaði 3-4 klst. í hvert skipti. Bókasafnið hefur tekið að sér rekstur safns skólaskrifstofunnar.

SKÓLAR:

Eins og áður hefur safnið séð um skráningu og flokkun bóka Grunnskólans á Ísafirði í tölvukerfi safnsins, en skólinn hefur aðgang að þessum skráum á Internetinu. Framhald var á safnkynningu fyrir nemendur Grunnskólans í samvinnu við skólasafnvörð. Áætlað er að að skrá skólasafn Flateyrarskóla á næsta sumri í kerfi safnsins. Fyrirhugað er að safnið auki þjónustu við skólana með bókamiðlun og með auknu starfsliði. Bókasafnið hefur tekið upp samstarf við Háskólann á Akureyri og aðra skóla vegna fjarnáms. Safnið þjónar nemendum skólans sem eru í fjarnámi með útvegum heimilda og aðgengi að gagnaböndum og leiðbeiningum um notkun þeirra. Bókasafnið hefur sinnt þörfum nemenda Menntaskólans fyrir ítarefni (bækur / tímaritsgreinar o.fl.) að verulegu leiti, en mikið vantar á skipuleg vinnubrögð af hálfu skólans við þetta starf. Með auknu húsrými og tölvubúnaði bókasafnsins í Gamla sjúkrahúsinu má stórbæta þessa þjónustu og auka hagkvæmni. Jafnframt er eðlilegt að Menntaskólinn taki þátt í kostnaði við þessa samvinnu eins og aðrar stofnanir.

HREPPSBÓKASÖFN:

Samstarf við þessi söfn var með líku sniði og undanfarin ár. Bókakostur þessara hreppa Ísafjarðarsýslu er skráður að mestu leiti í tölvu safnsins á Ísafirði - íbúar héraðsins hafa nú aðgang að skráum safnsins á Internetinu, einnig er hægt að prenta út lista yfir einstök söfn til að auðvelda starfsmönnum bókasafnanna leit að ritum.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Mikil aukning hefur verið undanfarið í starfsemi safnsins við söfnun og frágang skjala. Fyrirspurnum varðandi skjalaheimildir hefur fjölgað mikið. Jóna Símonía Bjarnadóttir, sagnfræðingur, vann við safnið, nú í 100% starfi. Unnið var áfram að söfnun skjala og athugun á ástandi í skjalageymslum í héraðinu, unnið er að því að fara í gegnum öll skjöl safnsins og búa um að nýju í geymslum í Gamla sjúkrahúsinu. Mikið hefur borist af skjölum og standa vonir til þess að hægt verði að búa um þau fljóttlega. Í árslok 1999 voru færslur í aðfangabók orðnar um 3.548 (3.500) m.a. hefur safninu borist mikið af gögnum frá Richard Björgvinssyni, Eyjólfí Jónssyni, Hjálmarí R. Bárðarsyni, Íshúsfélagi Ísfirðinga.

LJÓSMYNDASAFNIÐ:

Stöðugt vaxandi annir eru við afgreiðslu myndasafninu. Lokið er við að koma myndasafni Vesfirska Fréttablaðsins í varanlegar sýrufriar umbúðir. Í ljósmýndadeild safnsins eru nú nálgægt 120.000 filmur og ljósmýndir. Áætlað er að flytja myndiefni (sérstaklega gamlar litfilmur) yfir á stafrænt form, enda hafa þær afar takmarkað geymslupól.

GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ:

Litlar framkvæmdir voru við [Gamla sjúkrahúsið](#) á árinu. Lokið er 1. áfanga, þ.e. húsið endurnýjað að utan, nýir gluggar, hurðir og þak, og aðgengi lagað að norðanverðu fyrir hreifihamlaða. Í áætlunum um endurbyggingu Gamla sjúkrahússins er gert ráð fyrir að húsið haldi sinni [upprunalegu mynd](#) eftir því sem mögulegt er. Kostnaðaráætlun vegna endurbyggingarinnar er um 110 milljónir kr. Vonir standa til þess að ríkissjóður leggi fé til endurbyggingarinnar á næstunni en kostnaður við síðasta hluta verksins eru um 50 milljónir kr.

STJÓRN:

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar fer með málefni safnanna. Reynt hefur verið að koma á samstarfi við Súðavíkurrepp og Bolungarvíkurkaupstað um aðild þeirra að rekstri safnsins - enda þjónar safnið íbúum sveitarfélaganna að verulegu leyti, en ekki hefur gengið að fá þá til þáttöku í rekstrinum.

Í [Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar](#) eiga nú sæti:

Inga Ólafsdóttir formaður, Hafnarstræti 7 Ísafirði
Sigurborg Þorkelsdóttir Fagraholti 7 Ísafirði
Hansína Einarsdóttir, Eyrargötu 3 Ísafirði

14. maí 2001

Jóhann Hinriksson